

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2151****2025/EES/10/69****frá 17. desember 2020**

um reglur um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar á einnota plastvörum sem eru tilgreindar í D-hluta viðaukans við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið ⁽¹⁾ einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun (ESB) 2019/904 er mælt fyrir um almennar kröfur um merkingar á tilteknum einnota plastvörum sem oft er fargað á óviðeigandi hátt. Merkingin á að upplýsa neytendur um að varan innihaldi plast, um það hvaða úrgangsförgunaraðferðir á að forðast fyrir vöruna og um þau neikvæðu umhverfisáhrif sem fylgja því að dreifa rusli eða öðrum óviðeigandi aðferðum við förgun vörunnar.
- 2) Með tilskipun (ESB) 2019/904 er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin komi á samræmdum nákvæmum skilgreiningum um merkingar á einnota plastvörum sem eru tilgreindar í D-hluta viðaukans við tilskipunina. Í samræmdu nákvæmu skilgreiningunum um staðsetningu, stærð og hönnun merkingar ætti að taka tillit til þeirra ólíku vöruflokka sem falla þar undir. Tilgreina ætti snið, líti, lágmarksupplausn og leturstærð sem nota á til að tryggja að hver þáttur í merkingunni sé að fullu sýnilegur.
- 3) Framkvæmdastjórnin lagði mat á fyrirbyggjandi merkingar, sem greindar voru með könnun meðal hagsmunaaðila og markaðsyfirliti, til að skilja matskerfið og kröfurnar að baki merkinganna og áhrif þeirra.
- 4) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við dæmigerða hópa neytenda og framkvæmdi vettvangsprófun til að ganga úr skugga um að merkingarnar séu gagnlegar og auðskiljanlegar og til að forðast villandi upplýsingar.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umbúðir

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „umbúðir“ söluumbúðir og safnumbúðir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ⁽³⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 286/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 155, 12.6.2019, bls. 1

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

2. gr.

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar

1. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir dömubindi (innlegg) og fyrir tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir í I. viðauka.
2. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota, í II. viðauka.
3. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum í III. viðauka.
4. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir drykkjarmál í IV. viðauka.

3. gr.

Tungumál

Upplýsingatextinn á merkingunni skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis þar sem einnota plastvaran er sett á markað.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir dömubindi (innlegg) og fyrir tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir

1. Á umbúðum dömubinda (innleggja) með yfirborðsflöt sem er 10 cm² eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítu blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á umbúðir dömubinda (innleggja), sem settar eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Á umbúðum tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir með yfirborðsflöt sem er 10 cm² eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítu blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á umbúðir tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir, sem settir eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

3. Merkingin sem sett er fram í 1. og 2. lið skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

Staðsetja skal merkinguna lárétt á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef lágmarksstærð merkingar kemst ekki fyrir í heild sinni á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða má staðsetja hana að hluta til á tvær hliðar umbúðanna, þ.e. ofan á og á framhlið, eða á framhlið og á hlið, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef ekki hægt að staðsetja merkinguna lárétt vegna lögunar eða stærðar umbúðanna má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar umbúðirnar eru opnaðar í samræmi við leiðbeiningar.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „VARA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

Ef svæðið á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna, þar sem merkingin er staðsett, er minna en 65 cm² skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm²). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera 3 cm x 6 cm (18 cm²).

c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tomnu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítri línu.

Upplýsingatextinn „VARA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda upplýsingatextann annaðhvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitinn fyrir neðan fyrsta tungumálið og skal hann í báðum tilvikum sjást greinilega. Ef takmarkað pláss er á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna er í undantekningartilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á umbúðirnar en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0

— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

—

II. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir blautþurrkur

1. Á umbúðum blautþurrka (þ.e. forbleyttra þurrka til persónulegrar umhirðu og heimilisnota) með yfirborðsflöt sem er 10 cm² eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítu blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á umbúðir blautþurrka, sem eru settar á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Merkingin skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

- a) Staðsetning merkingar

Staðsetja skal merkinguna lárétt á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef lágmarksstærð merkingar kemst ekki fyrir í heild sinni á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða má staðsetja hana að hluta til á tvær hliðar umbúðanna, þ.e. ofan á og á framhlið, eða á framhlið og á hlið, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef ekki hægt að staðsetja merkinguna lárétt vegna lögunar eða stærðar umbúðanna má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar umbúðirnar eru opnaðar í samræmi við leiðbeiningar.

- b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „VARA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

Ef svæðið á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna, þar sem merkingin er staðsett, er minna en 65 cm² skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm²). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera 3 cm x 6 cm (18 cm²).

- c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítu línu.

Upplýsingatextinn „VARA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda upplýsingatextann annaðhvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitinn fyrir neðan fyrsta tungumálið og skal hann í báðum tilvikum sjást greinilega. Ef takmarkað pláss er á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna er í undantekningartilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á umbúðirnar en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega.

Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: $C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0$

— Svartur: $C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100$

— Rauður: $C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0$

— Blár: $C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0$.

III. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum

1. Á einingarpakka eins og hann er skilgreindur í 30. lið 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB (einingarpakki) og ytri umbúðum eins og þær eru skilgreindar í 29. lið 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB (ytri umbúðir) fyrir tóbaksvörur með síum með yfirborðsflöt sem er 10 cm² eða stærri, og umbúðum fyrir síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum með yfirborðsflöt sem er 10 cm² eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítu blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á einingarpakka og ytri umbúðir tóbaksvara með síum og umbúðir fyrir síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum, sem sett eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Merkingin skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

- a) Staðsetning merkingar

- i. Tóbaksvörur með síum

Staðsetja skal merkinguna lárétt á bakhlið ytra yfirborðs einingarpakkans og á ytri umbúðir.

Ef merkingin í lágmarksstærð kemst ekki fyrir lárétt á bakhlið ytra yfirborðs einingarpakkans má snúa henni um 90° og staðsetja hana á bakhlið eða aðra hlið á ytra yfirborði einingarpakkans. Í öllum tilvikum skal hún sjást greinilega.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki á neinn hátt hindra sýnileika viðvörðunarkerkinganna sem krafist er samkvæmt tilskipun 2014/40/ESB.

Ekki skal hylja merkinguna í heild eða að hluta til með öðrum merkimiðum eða stimplum.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar einingarpakkinn og ytri umbúðir eru opnuð í samræmi við leiðbeiningar.

- ii. Síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum

Staðsetja skal merkinguna lárétt á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef lágmarksstærð merkingar kemst ekki fyrir í heild sinni á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða má staðsetja hana lárétt að hluta til á tvær hliðar umbúðanna, þ.e. ofan á og á framhlið eða á framhlið og á hlið, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef ekki hægt að staðsetja merkinguna lárétt vegna lögunar eða stærðar umbúðanna má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar umbúðirnar eru opnaðar í samræmi við leiðbeiningar.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „SÍA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

i. Tóbaksvörur með síum

Ef svæðið á bakhlið ytra yfirborðs einingarpakkans er minna en 65 cm^2 skal lágmarksstærð merkingarinnar vera $1,4 \text{ cm} \times 2,8 \text{ cm}$ ($3,92 \text{ cm}^2$). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera $3 \text{ cm} \times 6 \text{ cm}$ (18 cm^2).

ii. Fyrir síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum

Ef svæðið á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna, þar sem merkingin er staðsett, er minna en 65 cm^2 skal lágmarksstærð merkingarinnar vera $1,4 \text{ cm} \times 2,8 \text{ cm}$ ($3,92 \text{ cm}^2$). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera $3 \text{ cm} \times 6 \text{ cm}$ (18 cm^2).

c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítri línu.

Upplýsingatextinn „SÍA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda upplýsingatextann annaðhvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitinn fyrir neðan fyrsta tungumálið og skal hann í báðum tilvikum sjást greinilega. Ef takmarkað pláss er á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna er í undantekningartilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á umbúðirnar en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: $C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0$

— Svartur: $C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100$

— Rauður: $C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0$

— Blár: $C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0$.

IV. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir drykkjarmál

1. Á drykkjarmálum sem eru gerð að hluta til úr plasti skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítu blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á drykkjarmál sem eru gerð að hluta til úr plasti, sem sett eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Á drykkjarmálum sem eru gerð að öllu leyti úr plasti skal vera annaðhvort eftirfarandi áprentuð merking eða eftirfarandi greypt/upphleypt merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að skapa andstæðu við hvíta blaðsíðuna.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á drykkjarmál sem eru gerð að öllu leyti úr plasti, sem sett eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna og grái bakgrunnurinn eru ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur þeirra er að skapa andstæðu við hvíta blaðsíðuna.

3. Merkingin fyrir drykkjarmál sem eru gerð að hluta til úr plasti skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

i. Hefðbundin drykkjarmál:

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborð drykkjarmálsins og fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ekki skal staðsetja merkinguna undir botni drykkjarmálsins.

ii. Drykkjarmál í formi kampavínglasa:

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborði drykkjarmálsins, þ.m.t. á efri hluta fótar. Staðsetja skal merkinguna fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ekki skal staðsetja merkinguna undir fæti drykkjarmálsins.

Ef staðsetning merkingar getur ekki verið lárétt vegna lögunar eða stærðar drykkjarmálsins má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „VARA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

Að því er varðar drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm²).

Að því er varðar drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,6 cm x 3,2 cm (5,12 cm²).

c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítri línu.

Upplýsingatextinn „VARA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda textann annað hvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitnum fyrir neðan fyrsta tungumálinu og skal í báðum tilvikum vera vel sjáanlegur. Ef takmarkað pláss er á ytra yfirborði drykkjarmálsins er í undantekningartilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á drykkjarmálið en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0

— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

4. Merkingin fyrir drykkjarmál sem eru gerð að öllu leyti úr plasti skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

i. Hefðbundin drykkjarmál

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborð drykkjarmálsins, þar sem hún sést greinilega. Ekki skal staðsetja merkinguna undir botni drykkjarmálsins. Við prentun skal staðsetja merkinguna fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ef um er að ræða rífluð drykkjarmál skal ekki gera merkinguna upphleypta eða greypa hana á rífflurnar.

ii. Drykkjarmál í formi kampavínglasa

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborð drykkjarmálsins, þ.m.t. á efri hluta fótar, þar sem hún sést greinilega. Ekki skal staðsetja merkinguna undir fæti drykkjarmálsins. Við prentun skal staðsetja merkinguna fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ef um er að ræða ríffluð drykkjarmál skal ekki gera merkinguna upphleypta eða greypa hana á rífflurnar.

Ef staðsetning merkingar getur ekki verið lárétt vegna lögunar eða stærðar drykkjarmálsins má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera rétthyrnd og hlutföll milli hæðar og lengdar eru 1:2.

Að því er varðar drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm²).

Að því er varðar drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,6 cm x 3,2 cm (5,12 cm²).

c) Hönnun merkingar

i. Prentuð:

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð með svörtu bleki án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, hvorki lagfæra né stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Nægilega mikil skil ættu að vera á milli merkingar og bakgrunns til að hún sé vel læsileg. Í þessu skyni ætti að prenta útlínur merkingarinnar með einum af eftirfarandi litum:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0

— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

ii. Greipt/upphleypt:

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við áhrifaþáttum, hvorki lagfæra né stækka bakgrunninn. Hvíta útlínan, eins og hún er sýnd í merkingunni samkvæmt lið 1.2 í þessum viðauka, sýnir línurnar sem skulu greiptar í málið eða gerðar upphleyptar.

Upplýsingatextinn „ÚR PLASTI“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda textann annað hvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitnum fyrir neðan fyrsta tungumálinu og skal í báðum tilvikum vera vel sjáanlegur. Ef takmarkað pláss er á ytra yfirborði drykkjarmálsins er í undantekningartilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á drykkjarmálið en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira.

Við prentun skal nota liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100.